

Völsafræði

Hin völduga Sarah Churchill (1660-1741), hertogaynja af Marlborough komst svo að orði í dagbók sinni, upprifin af hrifningu: „Lávarðurinn minn sneri heim úr stríðinu í dag og giljaði mig tvisvar í reiðstígúvélum (top-boots).“ Ynjan var bersýnilega himinlifandi yfir kyngetu karls síns.

Orð hennar leiða hugann að því, að margt býr í kynhvötinni, t.d. því, hvernig ýgi og losti flettist saman. Sálkönnuðurinn, Sigmund Freud (1856-1939), er einn þeirra, sem bent hefur á þessa fléttu, eftir lestur goðsagna, menningarsögu og sálkönnun kvenna og karla. Sáttakynlíf, þar sem ýgi umbreytist í losta, sem dofnar við spennulosun, er alkunna í sállækningum. Í íþróttaveröld karla er það alsíða að leysa ekki girnd sína skömmu fyrir keppni. Því það sljákkar í þeim, dregur úr keppnisýginni.

Hinn snjalli, danski sálkönnuður, Thorkil Vanggaard (1910-1998), kynnir í bók sinni, „Völsinn“ (Phallos), margar, skynsamlegar hugleiðingar um völsafræði, völsadýrkun. Eins og fleiri leitar hann fanga í dýra- og háttarnisfræðinni (ethology) til að varpa ljósi á siði og háttarni mannanna: „Uppáferð gefur til kynna ofurlið og yfirvald. Kynfýsn og uppáferð skilgreinir [hjá baviönnum] yfirráð og undirgefni. [Þetta er] aldeilis óháð kyni. Því má sjá ungt karldýr sýna eldra og sterkara kvendýri kynfýsn. [Það] fer upp á hann. Kynfýsni og uppáferð er beitt með sama hætti innbyrðis meðal kvendýranna.“

„Aukin heldur þjónar kynfýsnin sem sé öðrum og þýðingarmiklum, félagslegum tilgangi, oft og tíðum, þar sem líf liggur við. [Það á við um] ýmis konar aðstæður, sem í sjálfu sér snúa ekki að kynlífi, [heldur] skipan í stigveldi. Í því felast [skilaboð um] að dýr láti hjá líða að keppna við annað, t.d. um tiltæka fæðu, eða kemur í veg fyrir áreitni frá máttugra dýri.“

Hjá þessari apategund eins fleirum er kynfýsn og þar með æxlun, samofin kynýgi og félagslegri stöðu. Karldýr sumra apategunda sýna á sér sperrtan skaufann öðrum til viðvörunar um styrk sinn og hjá enn öðrum er alls konar friðþæingar- og sáttakynlíf stundað. Allt eru þetta eru snarir þættir í eðlilegri kynhegðun apa – og jafnvel manna. Við erum um margt bavianar inn við beinið. Thorkil áréttar:

„Uppáferð og kynfýsi hjá þeim [öpunum] gefa til kynna yfirráð og undirgefni eins og hjá mönnunum. Í öllum stigveldum er þessi hegðun sýnd til að auðsýna stigveldið og styrkja, hjá mönnum með þeim hætti, að hin upprunalega táknhegðun skín ljóslega í gegnum [hið fagaða yfirborð, þegar] tekið er ofan, kysst á hendi, beygt í duftið [og] fallið á hné ...“ Samkvæmt ofangreindu:

„Það verður ... að draga þá ályktun, að tilfinningar [eins og] ýgi eða ýtni (aggressiv), geta örvað stinningu og sáðlát – m.a. löngun til að auðmýkja og lítillækka annan karlmann.“ ... „[U]ndirgefni á einungis við um karla. Jafnvel þótt móttækileiki skeiðarinnar hjá konunni beri svipmót ákveðinnar undirgefni – forsenda samlyndiskynlífs hennar – er hún þó fjarri því að fela í sér kúgun (underkastelse). Hún felur ekki síður í sér eignarnám.“ Því er ýgin í sjálfu affararsæl:

„Umtalsverðrar ýgi skal gæta við farsælustu (mest harmonisk) samfarir hins kvenhneigða karls, svo að gæti þess afls og máttar í framtakinu, sem er nauðsynlegt til að leysa úr læðingi fulla kynástríðu konunnar. Kynýgin er undir stjórn, hófstíllt og samofin alúð og ást. Raunverulegur sambræðingur

hvatar til ástar (libido) og ýgi, er, þegar upp er staðið forsenda samlyndis í nánnum samböndum fólks, ...“

Þróttur, afl, hreysti og framsækni (áleitni, áræði, ágengni, innsækni) hefur löngum verið talin til karlmennskunnar. Thorkil segist svo frá: Í Grikklandi til forna, vöggu menningar vorrar, þótti það aðalsmerki karlmennskunnar að berjast með vopnum, keyra fereyki, ríða hrossi, tjá sig sem Ódysseifur eða stutt og laggott eins og Spartverji. Karlmennska var sum sé afl bæði til hugar og handa, hugdirfska, staðfesta í orrustu, þróttur, trúmennska, hlýðni, samhugur og samstaða, réttisýni, dómgreind, sanngirni, hófstilling, gjöfli og tryggð. Hamingja var talin samþætt heiðri, orðspori og ætt. Þetta var eins konar völsadygd eða „arete“ á forngrísku. Dygd karla var frábrugðin dygd kvenna. Forngríkkir notuðu orðið „phallos“ yfir völsa eða reðinn í reisu, sem tákn um karlmennskuna. Orðið, „peos“ (hali), var notað í öðru samhengi.

Völsinn hefur vitaskuld þýðingu fyrir karlmennskubroska sveinsins. Thorkil orðar það svo: „Í huga drengsins er völsinn þess vegna táknmynd hins fullvaxta karlmanns, styrks, afls til framdráttar, kunnáttu, þors, visku, leikni, valds yfir kynbræðrum og heillandi konum hans (besiddelse), svo hann mætti veita ást og þiggja, [karlmennska] til sigurs – og [öðlast] allt það, sem sveininum sýnist eftirsóknarvert í fari karla og óskar sjálfum sér til handa.“

Það gefur því að skilja, að karlmenn séu viðkvæmir, þegar böll þeirra ber á góma. Gildi drengja/karla og sjálfsálit er að mörgu leyti tengt þessu líffæri eða miklu fremur því mikilvægi, sem menningin gefur því. Sumir eiginleika karla eiga uppsprettu í starfsemi kynfæranna – eins og vissulega á við um konur einnig, en venjulega með gagnstæðum formerkjum. Í Grettisögu er t.d. sagt frá því, þegar söguhetjan „nauðgar“ griðkonu, er hafði um munn sér háð og spé um reður hans. Grimmd karla gegn kynbræðrum sínum beinist stundum að kynfærum þeirra. T.d. kemur Sturla Sighvatsson fram hefndum á Órækkju Snorrasynti með því að láta gelda hann og skyldi minnst konu hans, Arnbjargar Arnórsdóttur, eins og sagt er frá í Sturlungu.

Enn fræðir Thorkil: „Í völsanum myndbirtist þess vegna fjöld merkinga og tilfinninga. Margar þeirra eru handan venjulegra hugmynda um kynferði [í sjálfu sér] og stundum er um að ræða innbyrðis mótsagnir eins og til að mynda að ráða yfir og gefa sig á vald. Sú fjölbætta merking, sem felst í völsatákninu, er oftast þögul, það er snúið að ráða í hana, nema við umhugsun, hana er erfitt að meitla í orð, en hún lifir í athöfn, viðhorfi og tilfinningu.“

Það sætir engum undrum, að völsinn hafi orðið mikilvægt tákn frjósemi, verndar og átaka. Völsanum voru færðar fórnir. Slíkt er þekkt víða aftur á steinöld, t.d. í Evrópu, áður en kristni breiddist út, norðurslóðir þar með taldar. Því er auðskilið, að völsinn hafi orðið mikilvægt tákn frjósemi, þekkt allar götur aftur til steinaldar um víða veröld. Egypski guðinn, Atum, stóð öldungis aleinn uppi á hæð upphafsins, fráði sér og skóp þannig heiminn. Karlmenn „frumstæðra“ ættflokka grófu holur í jörðina og skiluðu þar sæði sínu. Aðrir gerðu drengjum að gleypa sæði og lögðu þannig áherslu á mátt sæðisins. Þó undarlegt megi virðast voru konur fyrstu dýrkendur skaufans. En ekki vegna hans í sjálfu sér, heldur litu þær á reðurinn sem viðbót við gyðjuna. Hann var í þágu kynlífs konunnar, hennar eigin kynnautnar og veldis. T.d. flíkaði Hatshepsut, hinn mikli kvenfaraó Egypta í fornöld, völsanum, til að sýna veldi sitt: Hún lýsti sig karlguð og gekk með gerviskegg og fyðil.

Víða voru haldin frjósemisblót og teiti, þar sem konur voru við stjórnvölinn. Dísablót eru þekkt úr norrænni menningu. Völsinn kemur þar mjög við sögu. Í gríska „haloa“ frjósemisgildinu dönsuðu

konur t.d. hringum um völsatákn, Það var svallað í víni og kynlífi og hold fórnardýrsins etið. Það eru til frásagnir af hliðstæðum blótum til dýrðar guðinum, Dionysos, þess efnis, að konurnar hafi fórnað karlmönnum. En um það ber ekki heimildum saman, en hliðstæðu er að finna í afrískum kvenveldum, þar sem elskhugum drottningar var fargað, að kynsvalli loknu.

Völsatákn voru líka reist við hús sem varnartákn og stóðu jafnvel við kirkjur á ármiðöldum. Norrænar konur kunna að hafa verið miklir völsaaðdáendur, þurrkuðu meira að segja hestredur og blótuðu sér til fulltingis (sbr. Völsapátt Ólafs sögu helga). Völsinn kemur víða við í menningu vorri. Svo segir Thorkil:

„Völsatáknið kemur hvarvetna fyrir á öllum skeiðum sögunnar. Því má ganga að því vísu, að það hafi búið um sig í sálu hvers manns. Það má gera lítið úr því eða bæla. Engu að síður er auðskilið, að það ryðji sér braut úr sálardjúpinu og minni enn á tilvist sína, ekki síst á tímum upplausnar, er gömul menning rofnar eins og á fimmtánda öldinni. Í nornamenningunni kemur það upp á yfirborðið.“

„Guð nornanna var í völsalíki. Konurnar áttu við hann samræði í dansinum. ... Í flestum tilvikum var um helgisið að ræða, en ekki holdlega fullnægingu. Því nornirnar útskýra, hver á fætur annarri, að völsi guðsins hafi verið „kaldur, ískaldur,“ og einnig var guðinn óeðlilega vaxinn niður. Samfarirnar þóttu [auk þess] sársaukafullar.“ (Þetta hefur Thorkil eftir breska mannfræðingnum, Margaret Alice Murray (1863-1963): „Nornamenning í Vestur-Evrópu“ (The Witch Cult in Western Europe 1962/1921.) Líklega var umræddur guð íklæddur skinni með horn og gervivölsa. Það þekkest víða, t.d. á veggmyndum í Dordogne í suðurvestur Frakklandi og á norrænum bronsristum.“ (Slík töl nota einnig lespur í dag.)

Með skírskotun til ofangreinds sætir það varla undrum, að kvenfrelsurum sé alla jafnan uppsigað við völsann eða reðurinn. Þeir bölsótast iðulega út í reðurmenningu og reðurdrottun, sem þeir svo kalla:

Mary Daly (1928-2010): „Með þá viðurkenningu í huga, að reðurveldið hafi með goðsögum sínum og stofnunum unnið umtalsverð skemmdarverk á vitundinni, munum við halda uppteknum hætti og útnefna föðurveldið sem öfuguggaviðmið [um samfélag], og uppsprettu annarrar félagslegrar illsku.“

Andrea Dworkin (1946-2005): „[Karlinn] lifir og hrærist í anda yfirburða sinna, sem hann rekur til tilvistar reðursins. [Konan] hrærist í heimi niðurlægingar og lítillækkunar, þar eð hún er talin óverðug. Kynferðið er bölvun hennar.“ Því er auðskilið, að bölvun hvernar móður sé að eignast son. Í hverju nýju sveinbarni er kúgari fæddur: „Sonur sérhvernar konu í feðraveldinu situr hugsanlega á svikráðum við móður sína. Hann er óhjákvæmilega nauðgari eða kúgari annarra kvenna.“

Valerie Solanas (1936-1988), „Það er skjall að kalla karlmann skepnu; hann er vél, reðurgervi.“

Ég lýk þessum þætti í léttúð: Í sögu franska skáldsins, Francois Rabelais (1494?-1553), um Gargantúa og Pantagrúl, er sagt frá kynferðislegu uppeldi söguhetjunnar, Gargantúa: „Þessi litli flagari var síkáfandi á fóstrum sínum, ofan og neðan, aftan og framan, húrri karíóka! og hann var þegar farinn að reyna kýlinn sem fóstrur hans skreyttu á degi hverjum með dáindis kerfum, indælum borðum, falletum blómum, litskærum silkivöndlum; þær skemmtu sér við að láta hann koma á milli fingra sinna eins og kökukefli, og svo skelltu þær upp úr þegar hann sperrti eyrun, eins og leikur þessi dillaði þeim.

Ein sagði: sponstappinn minn, önnur þyrnirinn minn, önnur kóralgreinin mín, önnur stopparinn minn, önnur korktappinn minn, títrarinn minn, fleygurinn minn, nafarinn minn, dingullinn minn, litli harðkollurinn lági og stinni, krullujárnið mitt, litla rjóða pylsan mín, litli sæti drellirinn minn.

Hann er minn, sagði ein. – Ég á hann, sagði önnur. – Hvað um mig? sagði sú þriðja. Hef ég engan rétt? Náðin skær, ég læt þá skera hann!“ (Erlingur E. Halldórsson)

Um það bil hálfu árpúsundi síðar skráði Jón Árnason meðal þjóðsagna sinna sögu af kerlingu einni, sem þótti heldur lítið undir karli sínum: “Þetta óhræsi er ekki nema þrír þumlungar [2.5 x 3=7.5 cm.] ekki nema einn í hár, annar í skinn og þriðji inn, og hvað verður þá fyrir drættinum, herra minn. ... Einn í hár, annar í skinn, þriðji, fjórði og fimmti inn, það á að fara í dráttinn, og það kalla ég lögreður, herra minn.”

Gunnar Sigurðsson frá Selalæki, gaf út árið 1938, svokallaðar „Apókryfar vísur.“ Þar er m.a. tilgreind vísa eftir skáldmæringinn, Pál Ólafsson:

Eitilhart er undir mér
eins og það væri flöskugler.
Stillar kalla ég stúlkur hér
að stinga honum ekki inn hjá sér.

Íslenskur húsgangur hljómar svo:

Uppá mig ef einhver fer,
eins og mér sé gefið vín,
ó, hve hressist hold á mér,
hlakkar til hún litla mín.